



## Fréttabréf til foreldra –haust 2008

Ágætu foreldrar og forráðamenn.

Í bréfi þessu getur að líta nokkrar upplýsingar sem við viljum koma á framfæri við foreldra og forráðamenn nemenda yngri en 18 ára og sér í lagi þá sem eiga nýnema í skólanum.

**Um leið viljum við nota tækifærið og boða ykkur til kynningarfundar í Gryfjunni í VMA fimmtudaginn 11. september kl. 20:00**

### **Nemendafjöldi**

Aldrei hafa verið jafnmargir nemendur í skólanum og á þessu ári. Nú á haustönn hófu 1350 nemendur nám í dagskóla og um 700 í fjarnámi. Segja má því að hvert sæti sé skipað.

### **Umsjónarkennarar - Námsframboð**

Kappkostað er að halda sérstaklega vel utan um nýnemahópinn fyrsta veturinn í skólanum. Fyrir flesta er það mikil breyting að koma í svo stóran og margslunginn skóla sem VMA auk þess að kynnast svokölluðu áfangakerfi í fyrsta sinn. Allir nýnemar fá umsjónarkennara sem hittir hópinn sinn í hverri viku í

lífsleiknitímum. Á þeim vettvangi er skólastarfið kynnt og sitthvað sem nauðsynlegt er fyrir hina ungu nemendur að vita. Þá aðstoða umsjónarkennarar nemendur sína við að fylla út valblöð þegar nám á næstu önn er skipulagt. Nafn umsjónarkennara kemur fram á stundatöflu nemanda. Vinsamlega hafið samband við umsjónarkennara ef þið viljið fá meiri upplýsingar eða ræða mál nemanda.

Námsframboðið í VMA er fjölbreytt og gefst nemendum kostur á margs konar námslokum, hvort sem er með stúdentsprófi eða starfsréttindum. Auk þess sem ýmsar leiðir eru til þess að ljúka stúdentsprófi að loknu starfsnámi af einhverju tagi.

Þá fá nýnemar ýmiss konar heimsóknir í lífsleiknitímana þar sem við leggjum m.a. áherslu á forvarnir, þátttöku í umferðinni, kynlífsfræðslu og sitthvað fleira.

Ætlast er til að veikindi nemenda séu tilkynnt á skrifstofu VMA. Þá hringir forráðamaður að morgni og tilkynningin berst kennslustjóra og umsjónarkennara viðkomandi nemanda.

### **Ráðgjöf og forvarnir**

Í svo fjölmönnum og fjölbreyttum skóla er nauðsynlegt að nemendur eigi greiðan aðgang að ráðgjöf bæði varðandi námið og sitthvað er kann upp á að koma í amstri dagsins. Námsráðgjafar eru með auglýsta viðtalstíma í D-álmú, Anna Harðardóttir og Ásdís Birgisdóttir, og Emilía Baldursdóttir í B-álmú. Auk þess starfa þeir með hópum og standa fyrir námskeiðum. Þá eiga nemendur einnig greiðan aðgang að stjórnendum skólans og öðrum þeim starfsmönnum sem vinna stöðugt að hagsmunum nemenda. Forvarnafulltrúi er Valgerður Dögg Jónsdóttir.

### **Bókasafn - lesstofa - tölvuver**

Í VMA er vel búið bókasafn. Þar er aðstaða til að vinna að náminu og þar er opið allan daginn. Á bókasafninu eru bækur og annað

lesefni sem er notað við ritgerðir og ýmis verkefni. Einnig er þar að finna dagblöð og mörg tímarit.

### **Félagslíf**

Í skólanum starfar öflugt nemendafélag, Þórduna. Félagslífið hefur verið með miklum ágætum og eiga allir að finna eitthvað við sitt hæfi ef áhugi er fyrir hendi. Busaballið er fyrsti viðburðurinn og hefur það ævinlega verið nemendum okkar til mikils sóma eins og önnur starfsemi á þeirra vegum og höfum við getað státað af vímulausum skemmtunum hingað til.

Þá má þess geta að með góðu samþykki starfsmanna og nemenda skólans höfum við fengið lögregluna til að koma reglulega í heimsókn með fíkniefnaleitarhund.

Tveir kennarar skólans eru nemendum innan handar í félagslífinu, Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir og Ómar Kristinsson.

### **Ódýr matur í hádeginu**

Við reynum að brýna fyrir nemendum gildi gamla orðatiltækisins um heilbrigða sál í hraustum líkama. Í skólanum eru vatnsbrunnar víða á göngum þannig að nemendur hafa alltaf aðgang að köldu og svalandi vatni.

Þá vil ég benda á að nemendum gefst kostur á heitri máltíð í hádeginu á sanngjörnu verði með því að kaupa matarkort í teríunni. Að jafnaði er unnt að velja á milli þriggja rétta á matseðli hvers dags.

### **Reykingar**

Reykingar í skólanum og á lóð hans eru óheimilar lögum samkvæmt. Af þeim sökum verðum við að vísa öllum þeim sem vilja reykja út af lóðinni. Hafa stjórnendur skólans í samráði við bæjaryfirvöld sett upp rusladalla og svokölluð stubbahús utan skólalóðar að austan og norðan. Þangað beinum við nemendum sem reykja svo að óþrif og ónæði hljótist ekki af.

**Foreldrafélag VMA**

Foreldrafélag skólans hefur nú starfað í þrjú ár með góðum árangri. Á kynningarfundinum þann 11. september verða fulltrúar þess til viðtals um leið og kosnir verða fulltrúar foreldra nýnema í stjórnina, sem hittist að jafnaði mánaðarlega meðan skólastarf stendur yfir. Nálgaast má upplýsingar um foreldrafélagið og fréttir frá því á heimasíðu skólans, [www.vma.is](http://www.vma.is) sem er upplýsingaveita nemenda, foreldra og starfsmanna. Hvetjum við foreldra til að fylgjast vel með henni.

**INNA - upplýsingakerfið**

Allir nemendur hafa aðgang að upplýsingakerfinu INNU, svo og foreldrar nemenda yngri en 18 ára. Þar er meðal annars að finna stundaskrár nemenda, námsferil og upplýsingar um mætingar. Hvet ég foreldra til að nota INNU til þess að fylgjast með námsframvindu barna sinna og ástundun þeirra.

Allir nemendur fá sérstakt lykilorð að INNU og eiga foreldrar nemenda yngri en 18 ára aðgang að því.

**Munið kynningarfundinn í Gryfjunni fimmtudaginn 11. september kl. 20.00**

Auk umsjónarkennara verða þá til viðtals og kynningar ýmsir aðrir starfsmenn og stjórnendur. Þá munu umsjónarkennarar ganga með foreldrum um hið víðáttumikla húsnæði skólans og fræða gesti um sitthvað er lýtur að starfseminni.

Boðið verður upp á kaffiveitingar í fundarlok.

Gengið er inn að austan.

Við hlökkum til að sjá ykkur.

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari